

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2019, fimmtudaginn 6. júní er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Helga R. Magnússyni og Sigurði I Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið númer 3/2019:

KSÍ

gegn

Björgvin Stefánssyni og

til réttargæslu

Knattspyrnudeild Hauka og

Knattspyrnudeid KR

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Aðilar og fyrirvarsmenn

KSÍ, Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri.

Björgvin Stefánsson, kt. 201294-2749.

Knattspyrnudeild Hauka, Eiður Arnar Pálsson, formaður og Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri.

Knattspyrnudeild KR, Kristinn Kjærnested, formaður og Jónas Kristinsson, framkvæmdastjóri

Málavextir

Framkvæmdastjóri KSÍ sendi aga- og úrskurðarnefnd KSÍ greinargerð, dags. 24. maí 2019, varðandi „Ósæmileg ummæli Björgvins Stefánssonar“ þegar hann lýsti í vefsíðuvörðslýsingu HaukaTV leik Hauka og Þróttar R. í Inkasso-deild karla, sem fór fram á Ásvöllum 23. maí s.l.

Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram:

„Það hvílir mikil ábyrgð á herðum þeirra sem koma opinberlega fram í tengslum við knattspyrnu á Íslandi. Sú skylda er á þá lögð að þeir skuli jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina, eins og segir í grein 4.1 í reglugerð KSÍ

um knattspyrnumót. Í samræmi við grein 4.2. er sérhvert félag ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.

Í vefsíðunvarpslýsingu Hauka TV frá leik Hauka og Þróttar R. í Inkasso-deild karla, þann 23. maí s.l., viðhafði Björgvin Stefánsson, starfsmaður/stuðningsmaður Hauka á leiknum (sem jafnframt er leikmaður KR) opinberlega ummæli sem eru að mati undirritaðrar til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu. Eru ummælin eftirfarandi:

„Þetta er það sem ég er alltaf að segja, það er svo stutt í villmannseðlið hjá svarta mannum“.

Undirrituð hefur því ákveðið í samræmi við grein 21 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að vísa framkomu Björgvins Stefánssonar til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Það er ósk undirritaðrar að nefndin taki málið til skoðunar og ákvarði hvort beita skuli viðurlögum í samræmi við grein 13 og/eða grein 16 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.“

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ tók málið fyrir, dags. 28. maí 2019, þar sem ákveðið var að gefa Björgvin og forsvarsmönnum knattspyrnudeilda KR og Hauka kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í málinu. Frestur var veittur fram á hádegi 3. júní s.l. til að skila athugasemdum og andmælum.

Greinargerð barst frá knattspyrnudeild KR, dags. 3. júní þar sem eftirfarandi kemur fram:

„... KR krefst þess að erindi framkvæmdastjóra KSÍ verði frávísað en að öðrum kosti hafnað af aga- og úrskurðarnefnd.

Eins og áður segir er Björgvin leikmaður KR, sem leikur í Pepsi-Max deild karla. Hann er Haukamaður að upplagi og var þarna, í greiðaskyni við sinn uppeldisklúbb, í hlutverki lýsanda í Netútvarpi Hauka ásamt öðrum.

Ummælin voru sögð í hita leiks, til að krydda útsendinguna, eins hrapallega og það tókst. Björgvin baðst opinberlega afsökunar, þar sem hann lýsti ummælunum sem heimskulegum og að hann hafi gerst sekur um dómgreindarbrest. Í kjölfarið gaf KR út yfirlýsingu þar sem ummælin voru hörmuð.“

Jafnframt kemur eftirfarandi fram í greinargerð knattspyrnudeildar KR:

“Í 3. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál segir að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skuli hafa „fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á“. Sama regla kemur fram í 39. gr. laga KSÍ um lögsögu aga- úrskurðarnefndar og áfrýjunardómstóls KSÍ. Orðið vébönd þýðir, samkvæmt orðabók, bönd í kringum friðhelgan stað eða markalínur. KR telur að ummælin, sem hér eru til umfjöllunar, geti ekki talist innan vébanda KSÍ. Þau voru viðhöfð í lýsingu í netútvarpi og Björgvin var ekki í neinu hlutverki sem leikmaður eða annars konar fulltúi KR. Ummælin voru heldur ekki sögð í samhengi við þátttöku KR í kappleik. KR telur að þarna sé komið út fyrir lögsögu KSÍ. Þetta sjáist hvað best þegar skoðuð eru tengsl 3. og 16. gr. reglugerðarinnar um aga- og úrskurðarmál.

Samkvæmt þessu er ekki um að ræða að refska leikmanni með 5 leikja banni án þess að félag viðkomandi fái samhliða fjársekt að lágmarki kr. 100.000. KR telur það gefa auga leið að félagið geti ekki og eigi ekki að bera fjárhagslega ábyrgð á leikmanni vegna þess hvað hann gerir eða segir í sínum frítíma án þess að það tengist knattspyrnuíðkun hans hjá félaginu á nokkurn hátt.

KR krefst þess af þessum ástæðum að erindi framkvæmdastjóra KSÍ verði frávísað eða hafnað þegar af þessari ástæðu.

Verði erindi framkvæmdastjóra ekki frávísað eða hafnað af framangreindri ástæðu, þá kemur til skoðunar hvort ummæli Björgvins falli undir efnislýsingu 16. gr. reglugerðarinnar

KR telur að þegar ummælin eru sett í rétt samhengi, litið til þess að Björgvin hafði ekki ásetning til að meiða neinn og þaðst þegar í stað afsökunar, þá verði þau ekki heimfræð undir greinina og ekki sé nægilegt tilefni til að dæma hann í fimm leikja keppnisbann auk fjársektar á félagið.“

Knattspurnudeild Hauka sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins, dags. 24. maí þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Af gefnu tilefni sendir Knattspyrnudeild Hauka frá sér yfirlýsingu vegna óafsakanlegrar orðræðu lýsanda á HaukarTV á fótboltaleik sem fram fór í gærkvöldi milli Hauka og Þróttar Reykjavík.

Knattspyrnufélagið Haukar leggur á það mikla áherslu að iðkendur félagsins, hvort heldur er í yngri eða eldri aldursflokkum, sjálfboðaliðar innan raða Hauka, fylgismenn félagsins sem og stjórnendur þess séu ætíð félagi sínu til sóma, innan vallar sem utan. Knattspyrnufélagið Haukar byggir á góðum og göfugum gildum og fordæmir því öll ummæli eða háttsemi sem ýtir undir hvers konar fordóma eða mismunun.“

Engin greinargerð barst frá Björgvin.

Niðurstöður

Fyrir liggur að taka afstöðu til þess hvort Björgvin Stefánsson hafi með ummælum sínum gerst brotlegur við 16 gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og sem leiði til ábyrgðar félaganna á hegðun hans skv. 4. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Hin umdeildu ummæli eru þessi: *„Þetta er það sem ég er alltaf að segja, það er svo stutt í villimannseðlið hjá svarta mannum“.*

16. gr. kveður á um refsingu við mismunun. Samkvæmt ákvæðinu skal hver sá sem misbýður í orði eða verki varðandi kynþátt eða litarhátt sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli. Jafnframt skal félag viðkomandi sæta sekt að lágmarki kr. 100.000.

Samkvæmt ákvæðinu er beitt víðri túlkun „hver sá sem“ við afmörkun hins brotlega.

Fram kemur í gögnum málsins að Björgvin er leikmaður meistaraflokks KR. Jafnframt kemur fram að hann viðhafði hin umdeildu ummæli þegar hann lýsti í vefsjónvarpslýsingu HaukaTV leik Hauka og Þróttar R. í Inkasso-deild karla, sem fór fram á Ásvöllum 23. maí s.l. Einnig kemur fram að Björgvin hafi beðist afsökunar á ummælunum og félögin harma að þau hafi verið sögð.

Málið fellur undir lögsögu aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, skv. 3. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Framkvæmdastjóri KSÍ vísaði málinu til aga- og úrskurðarnefndar skv. 21. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál sem kveður á um ósæmilega framkomu. Varðandi háttsemi Björgvins er

vísað til 4. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem kveður á um framkomu og ábyrgð Björgvins, KR og Hauka í málinu. Varðandi refsingar vísar framkvæmdastjóri KSÍ til 13. og 16. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að með hinum umdeildu ummælum hafi Björgvin gerst brotlegur við ákvæði 16.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Vegna brotsins skal Björgvin sæta leikbanni í 5 leiki í keppnum og banni frá leikvelli Hauka á Ásvöllum á meðan bannið varir. Varðandi grundvöll refsheimildar er jafnframt vísað til 13.9.5. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Frávísunarkröfu knattspyrnudeildar KR er hafnað þar sem fyrir liggur að málið heyrir undir nefndina og Björgvin hefur gerst brotlegur með ummælum sínum.

Fram kemur í gögnum málsins að Björgvin var ekki á vegum KR að lýsa leik liðanna á Ásvöllum og KR kom þar hvergi nærri. Eins og mál þetta er vaxið er það mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til þess að refsa knattspyrnudeild KR í málinu með fjársekt.

Telja verður að með því að lýsa leiknum í vefsíjónvarpslýsingu HaukaTV, hafi Björgvin haft hlutverk á vegum Hauka í tengslum við leikinn. Samkvæmt 4.2. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er knattspyrnudeild Hauka því ábyrgt fyrir framkomu Björgvins í tengslum við leikinn og skal skv. 13.9.5. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál sektuð um kr. 100.000.

Með vísan til þessa verður knattspyrnudeild KR ekki gerð refsing í málinu. Björgvin er úrskurðaður í 5 leikja bann í keppnum og banni frá leikvelli Hauka á Ásvöllum á meðan leikbannið varir. Knattspyrnudeild Hauka skal greiða kr. 100.000 í sekt til KSÍ.

Úrskurðarorð:

Björgvin Stefánsson skal sæta leikbanni í 5 leiki í keppnum á vegum KSÍ og tekur bannið gildi nú þegar. Auk þess sætir Björgvin banni frá leikvelli Hauka á Ásvöllum á meðan leikbannið varir. Knattspyrnudeild Hauka skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000 til KSÍ.

Halldór Frímansson (sign)

Helgi R. Magnússon (sign)

Sigurður I. Halldórsson (sign)

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.